

kristin@lex.is

---

**Til** : Laufey Helga Guðmundsdóttir  
**Frá** : kristin@lex.is  
**Heiti** : 17.Tölvuskeyti Magnúsar Norðdahl 26.9.2021 um talningu í NV  
**Málsnúmer.** : 2110006  
**Málsaðili** : Alþingi  
**Efnisflokkur** : Upplýsingar  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 6.10.2021  
**Skráningaraðili** : Landskjörstjórn

### Viðhengi

[LEX\\_3b9abb81-b172-42d2-bc56-89d4e242e454.png](#)

[LEX\\_undirskriftarbanner2020\\_379x190\\_b5865007-6494-4cb0-a80a-dd9d46ad61e1.jpg](#)

Viltu framsenda þetta á landskjörstjórn.

Takk takk

Kristín

### Kristín Edwald

Lögmaður - Eigandi / Attorney - Partner



Borgartún 26 | IS-105 Reykjavík  
Beint/Direct + (354) 590 2625 | GSM + (354) 898 3040  
Sími/Tel + (354) 590 2600 | [lex@lex.is](mailto:lex@lex.is) | [www.lex.is](http://www.lex.is)  
[Skilmálar / Disclaimer](#) | [Persónuverndarstefna](#) / [Privacy Policy](#)



Begin forwarded message:

**From:** "Magnús D. Norðdahl lögmaður"  
**Date:** September 26, 2021 at 21:36:38 GMT  
**To:** Kristín Edwald  
**Subject:** athugasemdir vegna talningar atkvæða í Norðvesturkjördæmi

?Til þess er málið varðar.

Undirritaður er oddviti Pírata í Norðvesturkjördæmi og annar af tveimur umboðsmönnum lista Pírata í kjördæminu.

Klukkan 15:00 í dag sá ég í fjölmiðlum að hafin var endurtalning atkvæða í Norðvesturkjördæmi. Ég furðaði mig á þessu og hringdi símleiðis í formann yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis Inga Tryggvason kl. 15:04. Í símtalinu kvartaði ég yfir því að hvorki ég né hinn umboðsmaður listans höfðum verið látnir vita af endurtalningunni. Ingi Tryggvason sagðist hafa hringt í aðila sem hann taldi vera umboðsmann listans og sá aðili hefði ekki svarað símanum. Óumdeilt er hins vegar að ég og Gunnar Ingiberg Guðmundsson í öðru sæti á lista Pírata erum umboðsmenn listans og ekki var haft samband við okkur með neinum hætti. Ég fór fram á það í símtalinu að ég fengi að vera viðstaddur talninguna og að beðið yrði meðan ég myndi keyra upp í Borgarnes. Ég fékk óskýr svör við kröfu minni og sendi hana því í textaskilaboðum kl. 15:23 og áréttaði hann einnig í öðru símtali skömmu áður eða kl. 15:20.

Þegar ég kom á hótél Borgarnes kl. 16:28 var endurtalning langt komin og í fullum gangi. Eg á tímasetta myndbandsupptöku af því augnabliki.

Ég spurði formann yfirkjörstjórnar hverjir hefðu verið viðstaddir þegar innsigli kjörgagna var rofið til þess að hefja endurtalningu. Formaður svaraði því til að kjörgögn hefðu ekki verið innsiglið þegar talningu lauk um morguninn. Þá sagði hann að talningafólk og hann sjálfur hefðu farið heim og að kjörgögnin hefðu verið geymd óinnsiglið í sal hótelsins fram að endurtalningu.

Ljóst er að breyting varð á fjölda ógildra og auðra seðla á milli fyrri og síðari talningar og sama á við um atkvæðafjölda einstakra framboða.

Framangreind atriði, hvert um sig og eins öll saman, eru að mati undirritaðs háalvarleg og til þess falin að draga úr trúverðugleika talningarinnar, sama hvort litið er til fyrri eða síðari talningarinnar, starfa yfirkjörstjórnar í heild og þar með trúverðugleika kosninganna sem fram fóru í kjördæminu.

Undirritaður gerir ráð fyrir (en veit þó ekki) að upphaflegar tölur hafi verið sendar landskjörstjórn. Nú liggur fyrir á grundvelli síðari talningar að efast má um fyrri talninguna þar sem tölur eru augljóslega ekki þær sömu. Vankantar á fyrri talningu og/eða síðari talningu hafði þau áhrif að breyting varð á niðurstöðu kosninganna og þingmenn ekki þeir sömu. Undirritaður telur því að hér sé fram kominn ógildingarannmarki á kosningunum.

Undirritaður beinir þessu erindi beint til formanns landskjörstjórnar vegna skorts á trausti til yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi.

Þá fer undirritaður fram á að vörslur gerðabókar yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis verði tryggðar af hálfu landskjörstjórnar án tafar. Að því loknu er óskað eftir afriti af gerðabókinni.

Samskiptum vegna þessa máls óskast beint til undirritaðs.

--

Magnús Davíð Norðdahl oddviti Pírata í Norðvesturkjördæmi og umboðsmaður lista  
Netfang magnus@norddahl.is  
Sími 868-2989